

SOS Barnaporpin

Ársreikningur 2025



Hamraborg 1
200 Kópavogur

Kt. 500289-2529

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	1
Áritun og skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Skýringar	7

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar SOS Barnaþorpanna

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning SOS Barnaþorpanna fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025 og efnahag þess 31. desember 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð SOS Barnaþorpunum í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi SOS Barnaþorpanna. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 29. apríl 2026.

Deloitte ehf.



Sigurður M. Jónsson
endurskoðandi

Áritun og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagasamtökin SOS Barnaþorpin starfa samkvæmt lögum nr. 119/2019, um félög til almannaheilla sem starfa yfir landamæri.

Aðalstarfsemi samtakanna er barnahjálp og er gert grein fyrir eðli og tilgangi samtakanna í samþykktum þeirra frá 19. maí 2025.

Stöðugildi á skrifstofu samtakanna voru að meðaltali 6 samanborið við 6,1 árið á undan. Einn starfsmaður var í lækkuðu starfshlutfalli hluta árs eftir fæðingarorlof og verkefnastjóri í fjáröflun hóf störf í september.

Framlög frá styrktaraðilum námu 860 m.kr. og studdu 19.430 einstaklingar og 437 lögaðilar við samtökin með framlögum. Á árinu voru 778 m.kr. sendar úr landi eða 90,5% af framlögum styrktaraðila.

Á árinu voru tekjur lægri en gjöld, þ.e. rekstrarkostnaður og framlög til verkefna í þágu barna. Rekstrarkostnaður hækkaði um 8% milli ára en framlög sem send voru út jukust um 26%. Á árinu 2025 var gengið á eigið fé samtakanna, þ.e. framlög fyrri ára sem ekki hafði verið ráðstafað í hjálparstarfið. Í samtökum eins og SOS Barnaþorpunum þarf neikvæð niðurstaða ársins ekki að vera neikvæð þar sem hún kann að skýrast af því að verið er að ráðstafa framlögum fyrri ára í hjálparstarfið. Á árinu námu heildartekjur samtakanna samtals 933 m.kr. og lækkuðu um 19 m.kr. milli ára. Skýringu lækkunar má helst rekja til erfðagjafar á árinu 2024 að fjárhæð 145 m.kr. en aðrir tekjuliðir jukust milli ára. Framlög SOS foreldra jukust um 14% milli ára en í janúar 2025 var mánaðarlegt framlag núverandi SOS foreldra hækkað úr 3.900 kr. í 4.500. Heildarútgjöld samtakanna, þ.e. framlög til verkefna í þágu barna og skrifstofu- og stjórnunarkostnaður nam 942 m.kr. og hækkaði um 172 m.kr. milli ára. Hrein eign til greiðslu í hjálparstarf var neikvæð um 9 m.kr. á árinu 2025 og eins og áður segir skýrist það að mestu af auknum greiðslum til erlendra verkefna.

Almennt er miðað við það að þegar samtökin á Íslandi skuldbinda sig til að fjármagna verkefni nokkur ár fram í tímann eru teknir frá fjármunir meðal eigin fjár til þess að standa undir þeim skuldbindingum. Á árinu 2025 starfrækti SOS á Íslandi fimm langtímaverkefni. Meðal eigin fjár hafa verið teknir frá fjármunir að fjárhæð 365 m.kr. sem ætlað er að standa undir verkefnakostnaði.

Hrein eign félagsins í árslok var 712 m.kr. en af þeim fjármunum hafa verið teknar frá 420 m.kr. til þess að standa undir framtíðarskuldbindingum fjölskyldueflingar- og annarra verkefna. Þá hafa verið teknar frá 50 m.kr. í varasjóð.

Á árinu nam hlutfall skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar af heildartekjum 17,6%. Inni í þeirri tölu er launakostnaður vegna beinnar umsýslu starfsfólks hér á landi við erlend- og innlend verkefni. Þegar leiðrétt hefur verið fyrir launakostnaði erlendra og innlendra verkefna nemur kostnaðarhlutfallið 15,9%.

Samtökin starfa samkvæmt ströngum kröfum íslenskra stjórnvalda og alþjóðasamtaka SOS og hefur áhersla á góða stjórnarhætti stóruakist á síðustu árum. Hefur það skilað sér í vandaðri vinnubrögðum og aukinni fagmennsku.

Stjórnin sinnti eftirliti með rekstri samtakanna, stefnumótun og stuðningi við starfsfólk. Einnig sinnti hún virkri áhættustýringu í samræmi við samþykta áhættustefnu samtakanna.


Samhliða bættum stjórnarháttum fékk vinnustaðurinn viðurkenningu VR fjórða árið í röð sem Fyrirmyndarfyrirtæki í floknum lítill fyrirtæki.

Stjórn SOS Barnaþorpanna og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2025 með undirritun sinni.


Kópavogur, 29. apríl 2026



Kristján P. Davíðsson, stjórnarformaður



Anna Bjarney Sigurðardóttir



Svala Ísfeld Ólafsdóttir

Framkvæmdastjóri:



Ragnar Schram

Rekstrarreikningur 1.1.2025 - 31.12.2025

	Skýr.	2025	2024
Tekjur			
Framlög SOS-foreldra, fjölskyldu- og neyðarvina	3	548.893.487	483.433.594
Frjáls framlög, fjáraflanir og fyrirtækjasamningar	4	157.348.931	309.409.163
Opinber framlög		153.600.000	90.800.000
Húsaleigutekjur		3.365.790	3.319.891
Fjármagnstekjur og gengishagnaður/(tap)		69.691.565	65.000.728
		<u>932.899.773</u>	<u>951.963.376</u>
Gjöld			
Framlög send úr landi	5	778.022.987	616.612.911
Stuðningur við verkefni innanlands		0	508.480
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	6	164.041.833	152.531.296
		<u>942.064.820</u>	<u>769.652.687</u>
Hækkun/lækkun á hreinni eign til greiðslu í hjálpstarf		<u>(9.165.047)</u>	<u>182.310.689</u>

Efnahagsreikningur 31.12.2025

	Skýr.	2025	2024
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Fasteign	7	16.499.336	17.694.670
Áhöld og tæki	8	3.850.170	3.605.699
Fastafjármunir samtals		20.349.506	21.300.369
Veltufjármunir			
Óinnheimtar tekjur (kreditkort o.fl.)		14.298.723	14.506.050
Fyrirframgreidd styrktarframlög	9	174.948.582	141.613.906
Verðbréf og sjóðir	10	549.068.078	509.697.041
Handbært fé		218.596.429	269.342.798
Veltufjármunir samtals		956.911.812	935.159.795
Eignir samtals		977.261.318	956.460.164
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		241.991.600	394.719.605
Neyðarverkefnasjóður	11	54.994.588	65.000.000
Varasjóður	12	50.000.000	50.000.000
Frátekið vegna núverandi og fyrirhugaðra verkefna	13	365.257.906	211.689.536
Eigið fé samtals		712.244.094	721.409.141
Skammtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldbinding vegna innheimtra styrktarframlaga	14	231.340.025	203.594.702
Ýmsar skammtímaskuldir		33.677.199	31.456.321
Skuldir samtals		265.017.224	235.051.023
Eigið fé og skuldir samtals		977.261.318	956.460.164

Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

SOS-Barnaþorpin eru almannaheillafélag með starfsemi yfir landamæri og er meginstarfsemi samtakanna fólgin í barnahjálpi. Lögheimili félagsins er að Hamraborg 1, 200 Kópavogi.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, nema hvað varðar verðbréf sem eru metin á gangvirði. Stjórnendur samtakanna hafa metið rekstrarhæfi þeirra og telja að grundvöllur sé til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og er í íslenskum krónum.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðir eru í samræmi við lög um ársreikninga. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og bankainnstæður.

Framlög

Framlög eru færð þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til samtakanna og þegar hægt er að meta þau með áreiðanlegum hætti. Framlög eru metin á gangvirði þegar þau berast.

Gengismunur

Færslur í erlendum gjaldmiðlum eru í upphafi færðar á gengi viðskiptadagsins. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í árslok. Gengismunur sem myndast vegna þessa er færður í rekstrarreikning. Eignir og skuldir, aðrar en peningalegar, sem færðar eru á kostnaðarverði eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi viðskiptadagsins.

Gengi

	2025	2024
EUR 31/12	147,2	143,9
USD 31/12	125,2	138,2

3. Framlög SOS foreldra, fjölskyldu- og neyðarvina

	2025	2024
Framlög SOS foreldra	512.265.891	449.434.309
Gjafir til barna og þorpa	13.576.216	14.573.867
Framlög fjölskyldu- og neyðarvina	23.051.380	19.425.418
	548.893.487	483.433.594

4. Frjáls framlög, fjáraflanir og fyrirtækjastyrkir

Undir þessum lið eru meðal annars erfðagjafir, símasöfnun, neyðarsafnanir, valgreiðslur, vörusala, jólafjáröflun og fyrirtækjastyrkir.

Skýringar

5. Framlög send úr landi

	2025	2024
Framlög til barnaþorpa*	435.426.007	382.019.163
Gjafir til styrktarbarna og þorpa	13.576.216	14.573.867
Framlög til verkefna á ábyrgð SOS á Íslandi	116.293.611	133.422.761
Framlög til neyðarverkefna	67.514.403	15.945.607
Framlög til SOS International**	81.126.186	66.477.943
Impact Fund for Children (IF4C)	45.120.493	0
Önnur framlög	18.966.071	4.173.570
	778.022.987	616.612.911

* Af framlögum SOS foreldra eru 85% send út til barnaþorpa. SOS á Íslandi halda eftir 15% sem eru nýtt við rekstur á skrifstofu, þjónustu við styrktaraðila og öflun nýrra.

** Framlag til SOS International fer meðal annast í að sinna eftirliti í barnaþorpum og á vettvangi verkefna, sem og rekstri alþjóðaskrifstofu sem annarst ýmis verkefni í tengslum við styrktarframlög. Framlagið er greitt í evrum og hækkaði um 107.206 þúsund evrur milli ára.

6. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

	2025	2024
Launakostnaður*	72.195.550	65.662.420
Launatengd gjöld	17.363.784	15.664.722
Tilkostnaður vegna fjáraflana	23.567.195	25.716.718
Upplýsingatækni og rekstur tölvukerfa	18.291.342	11.104.484
Kynningar- og markaðsmál	16.589.092	11.624.012
Afskrift fasteignar og fastafjármuna	4.498.236	5.090.061
Aðkeypt þjónusta og ráðgjöf	2.424.824	6.807.538
Rekstur fasteignar	2.157.535	2.479.575
Breyting á áfallinni orlofsskuldbindingu	158.111	1.994.398
Ýmis annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	6.796.164	6.387.368
	164.041.833	152.531.296

* Launakostnaðar eftir áhersluþáttum í starfseminni:

	2025	2024
Fjáröflun	16.004.701	18.383.168
Þjónusta við styrktaraðila	15.362.046	15.358.558
Erlend verkefni á ábyrgð SOS á Íslandi	9.249.614	8.771.202
Kynningar- og markaðsmál	10.848.179	10.355.030
Innanlansstarf og -verkefni	6.368.923	5.842.169
Mál tengd alþjóðaskrifstofu	7.496.952	5.249.672
Rekstur skrifstofu (fjármál, upplýsingatækni o.fl.)	24.228.919	17.367.342
	89.559.334	81.327.142

Stöðugildi hjá SOS Barnaþorpunum voru að meðaltali 6 á árinu 2025 en voru 6,1 árið 2024.

Skýringar

7. Fasteign

Fasteignin er skráð á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum fyrningum.

	2025	2024
Stofnverð 1/1	40.583.344	40.583.344
Afskrifað alls 1/1	(22.888.674)	(21.265.340)
Afskrifað á árinu	(1.195.334)	(1.623.334)
Bókfært verð 31/12	16.499.336	17.694.670

Afskriftarhlutföll 4% 4%

Fasteignir félagsins eru metnar með eftirgreindum hætti.

	Fasteignamat	Vátryggingamat
Fasteignir	92.970.000	105.871.833

8. Áhöld og tæki

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun ef hún er til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili félaginu framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu. Hrakvirði, nýtingartími og afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar við lok hvers reikningsárs.

	2025	2024
Stofnverð 1/1	15.487.508	15.487.508
Afskrifað alls 1/1	(11.881.809)	(8.415.082)
Viðbót á árinu	3.547.373	0
Afskrifað á árinu	(3.302.902)	(3.466.727)
Bókfært verð 31/12	3.850.170	3.605.699

Afskriftarhlutföll 20-33% 20-33%

9. Fyrirframgreidd styrktarframlög

SOS International starfrækja greiðslukerfi fyrir styrktarframlög (Shared Treasury Services / STS kerfi). SOS á Íslandi greiða fjármuni í STS kerfið sem síðan dreifir styrktarframlögum til móttökulanda. Í árslok 2025 nam inneign SOS á Íslandi í STS kerfinu 175 milljónum kr. vegna fyrirframgreiddra styrktarframlaga.

Skýringar

10. Verðbréf og sjóðir

	2025	2024
- Eignastýring Landsbankans*	470.224.037	436.936.801
	<u>470.224.037</u>	<u>436.936.801</u>

* Markaðsvirði sjóða og verðbréfa skiptast eftirfarandi:

Blandaðir sjóðir	2025	2024
Landsbréf - Einkabréf A hs	471.469.421	437.600.693
	<u>471.469.421</u>	<u>437.600.693</u>

Innlendar innstæður og peningamarkaðsgerningar	2025	2024
Áfallin umsýslubókun	0	(773.028)
Íslenskar krónur 0130-26-010828	(1.245.384)	109.136
	<u>(1.245.384)</u>	<u>(663.892)</u>

	2025	2024
- Veltubréf (sjóðir í rekstri Landsbréfa)	78.844.041	72.760.240
	<u>78.844.041</u>	<u>72.760.240</u>

Samtals	<u>549.068.078</u>	<u>509.697.041</u>
---------------	--------------------	--------------------

11. Neyðarverkefnasjóður

Teknir hafa verið frá fjármunir í neyðarverkefnasjóð. Er þetta gert til þess að unnt sé að bregðast hratt við þegar beiðni um neyðaraðstoð berst.

12. Varasjóður

Teknir hafa verið frá fjármunir sem ætlað er að standa undir rekstri SOS á Íslandi verði skyndilega mikil tekjulækkun eða -stöðvun. Alþjóðaskrifstofa SOS mælir með því að hver landsskrifstofa eigi sjóð sem stendur undir 4-9 mánaða rekstarkostnaði innanlands. SOS á Íslandi miðar við að varasjóður standi straum af starfsemi samtakanna í sex mánuði.

13. Frátekið fyrir framtíðarverkefni

SOS á Íslandi hefur tekið frá fjármuni til þess að standa undir núverandi og fyrirhuguðum erlendum verkefnum.

	2025	2024
Malaví (verkefni hefst 2026)	165.551.261	0
Rúanda (verkefni hefst 2026)	110.007.102	0
Úganda (verkefni hefst 2025)	65.824.113	93.325.415
Eþíópía III (verkefni lýkur 2026)	23.875.428	56.960.369
Rúanda (verkefni lauk 2025)	0	18.030.668
Tógó II (verkefni lauk 2025)	0	14.763.950
Malaví (verkefni lauk 2025)	0	28.609.132
	<u>365.257.904</u>	<u>211.689.534</u>

Skýringar

14. Skuldbinding vegna innheimtra styrktarframlaga

Skuldbinding er vegna framlaga SOS foreldra frá 1. júlí 2025 til ársloka 2025. Fjárhæð þessi kemur til greiðslu á fyrstu sex mánuðum ársins 2025.

	2025	2024
Nettó skuldbinding vegna styrktarframlaga	56.391.443	61.980.796
Fyrirframgreidd styrktarframlög (skýring nr. 10)	174.948.582	141.613.906
Skuldbinding vegna innheimtra styrktarframlaga	<u>231.340.025</u>	<u>203.594.702</u>

